



Til: "hinrik.greipsson@anr.is" <hinrik.greipsson@anr.is>,
Cc:
Bcc:
Efni: Byggðakvóti í Garði.
Frá: Magnús Stefánsson <magnusstefansson@svgardur.is> - Thursday 31.10.2013 11:07

Sæll.

Bæjarráð Garðs samþykkti að úthlutun á 300 þíg byggðakvóta sem fellur í hlut Garðs verði með sama hætti og á síðasta ári.

Minni á að gerð var breyting á reglugerð þar sem orðin „innan viðkomandi byggðarlags“ voru felld út, þar sem ekki er löndunarhöfn í Garði.

Hafðu samband ef þarf.

Bestu kveðjur,
Magnús Stefánsson
Bæjarstjóri Garði

Verða úthlutunarreglur fyrir Sveitarfélagið Garð því svona:

Ákvæði reglugerðar nr. 665 frá 10. júlí 2013 gilda um úthlutun byggðakvóta Garðs með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2012 til 31. ágúst 2013.